



***Fornleifaskráning í Norður- og Suðurdal í
Skriðdal, Múlaþingi***



Indriði Skarphéðinsson

2024

Forsíðumynd: Gamli bæjarhóllinn á Þorvaldsstöðum í Skriðdal.



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Maí 2024

Efnisyfirlit

ABSTRACT	5
INNGANGUR	6
SKRÁNINGARSVÆÐIÐ	6
AÐFERÐIR/FRAMKVÆMD	7
MINJASKRÁ	8
GEITDALUR	8
3191-006 – Heimild um mannabeinafund.....	8
ÞORVALDSSTAÐIR.....	8
3191-001 – Náttthagi	9
3191-002 – Tóftarbrott.....	9
3191-003 – Matjurtagarður	10
3191-004 – Bæjarhóll	10
3191-007 – Heimild	11
3191-034 – Landamerki	11
3191-038 – tóft	11
FLAGA	12
MÝRAR.....	12
3191-005 – Heimild - Smiðjuhóll	12
ÞINGMÚLI	13
MÚLASTEKKUR	13
3191-008 - Garðlag	13
3191-009 – Garðlag	14
3191-010 – Vegur	14
3191-011 – Fremrahús	14
3191-012 – Hleðsla.....	15
3191-013 - Vegur.....	16
3191-014 – Matjurtagarður	16
3191-015 – Rétt.....	16
3191-016 – Áveitugarður	17
3191-036 – Heimild – Brunnur	17
3191-037 – Heimild – Mannabeinafundur	17
BIRKIHLÍÐ	18
3191-026 – Heimild – Náttthagi	18

3191-035 – Heimild – Pottgrund	18
BORG	18
3191-017 – Girðing.....	19
3191-018 – Dæld	19
3191-019 – Kofarúst.....	19
3191-022 – Heimild – Árnataættur	20
3191-023 – Heimild – Langhús.....	20
3191-024 – Heimagrafreitur	21
3191-025 – Heimild – Stekkur	21
HJARDARHLÍÐ.	21
HALLBJARNARSTAÐIR	21
3191-020 – Reiðgötur.....	21
3191-027 – Heimild – Náttthagalækur.....	22
3191-028 – Merkilækur.....	22
3191-030 – Heimild – Kvíar	22
3191-031 – Heimild – Miðhús	23
3191-032 – Dæld – Neðstahús	23
3191-033 – Bæjarhóll	23
VÍÐILÆKUR	23
3191-029 – Heimild – Svarðargrafir	23
HAUGAR	24
3191-021 – Rétt.....	24
NIÐURSTÖÐUR	24
HEIMILDASKRÁ:.....	27
VIÐAUKI I. ÁHRIF VEGNA TILEFNIS.....	28
ÞORVALDSSTAÐIR.....	28
MÝRAR.....	29
MÚLASTEKKUR	30
BORG.....	33
HAUGAR	34
HALLBJARNARSTAÐIR	34
VIÐAUKI II. MINJAKORT.....	35



Abstract


RARIK hired Sagnabrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area affected by a planned electrical cable in Skriðdalur, Múlaþing. The project has the registration nr. 3191. During fieldwork 37 features were registered out of which 35 are considered protected archaeological remains. The majority of the surveyed features can be considered typical of 19-20th century rural Iceland. Close to half of the surveyed features were recorded from sources such as place names, information from locals and written sources.

Inngangur

Að beiðni RARIK var starfsmaður Sagnabrunns ehf., Indriði Skarphéðinsson, fornleifafræðingur, ráðinn til að fornleifaskrá lagningu háspennustengs í Skriðdal í Múlaþingi. Fulltrúar verkkaupa voru Haraldur Jónatan Klausen og Guðmundur Hólm. Að verkinu kom einnig Skarphéðinn Smári Þórhallsson hjá LOGG. Fornleifaskráningin fékk verkefnanúmerið 3191 hjá Minjastofnun Íslands.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningarinnar var að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á strengleiddinni, ásamt því að skoða lagnaleiðina á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Í heildina voru 37 minjar skráðar á vettvangi en aðeins 35 þeirra teljast uppfylla þau skilyrði að teljast til aldursfriðaðra fornleifa.

Skráningarsvæðið



Skráningarsvæðið samanstendur af þremur 30 m breiðum línum í Norður- og Suðurðal í Skriðdal, 15 m radíus var skoðaður út frá fyrirhugaðri línulögn. Í Norðurðal liggur línan frá

Geitdal að Mýrum í gegnum jarðirnar Þorvaldsstaði og Flögu. Í Suðurdalnum eru línurnar tvær að mestu sitthvoru megin við Múlaá. Vestan Múlaár þverar línan ánna frá Haugum að Hjarðarhlíð og áfram að Þingmúla í gegnum jarðirnar Borg, Birkihlíð og Múlastekk. Austan Múlaár liggur línan frá landi Hallbjarnarstaða inn dalinn að Víðilæk.

Aðferðir/framkvæmd

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru innan framkvæmdarsvæðisins.

Indriði Skarphéðinsson fornleifafræðingur fór í þrígang á vettvang dagana 10. mars, 24. apríl og 18. maí 2024 og skoðaði svæðið. Gengið var eftir fyrirhugaðri legu strengsins og svæði tekið út í 15 m radíus við hann. Þar sem línan lá þétt við veginn og skráningarsvæðið vel sýnilegt var það skoðað úr bíl en var stærstur hluti svæðisins skoðað fótgangandi. Þar sem fundust fornleifar voru þær mældar upp með Trimble Nomad 5, myndaðar og lýst á vettvangi. Í einstaka tilvikum voru örnefni eða heimildir um minjar sem sáust ekki á vettvangi merkt inn á kort eftir að vettvangsvinnu lauk.

Knúið var dyra á bæjum eða reynt að hafa samband við ábúendur símleiðis. Rætt var við Magnús Karlsson á Hallbjarnarstöðum, Benedikt Rúnar Kjartansson og Lilju Björk Finnbogadóttur á Þorvaldsstöðum, Andra Fannar Traustason ábúanda á Flögu, Jónínu Zóphóníasdóttur og Jón Júlíusson ábúendur á Mýrum, Sigurbjörn Árnason ábúanda á Þingmúla, Þóru Sólveigu Jónsdóttur landeiganda á Borg og Stefán Jónsson ábúanda á Haugum. Er þeim öllum þakkað fyrir góðar móttökur og veittar upplýsingar.

Áður en farið var á vettvang voru helstu heimildir skoðaðar, meðal annars: Örnefnaskrá og túnakort allra viðkomandi jarða, Sveitir og Jarðir í Múlaþingi (Ármann Höskuldsson, 1975), Árbók F.Í. *Upphérað og öræfin suður af*, fyrri skráningar á svæðinu (Rannveig Þórhallsdóttir, 2020) & (Guðný Zoëga & Bryndís Zoëga, 2015), Svæðisskráningu FSÍ (Orri Vésteinsson &

Sædís Gunnarsdóttir, 1999), Jarðatal Johnsen og Sýslu og Sóknarlýsingar og Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar (<https://geo.alta.is/nms>). Skoðuð var skrá yfir friðlýstar fornleifar (Fornleifavernd, 1990) og Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (<https://minjastofnun.gis.is>).

Minjaskrá

Geitdalur

Við fornleifaskráningu var ein fornleif skráð, um er að ræða heimild um mannabeinafund. Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin 10 hundruð og sögð í bændaeign (Johnsen, 1847:371). Sagnir má finna af skriðuföllum við Geitdal í öndverðu og er greint frá því í Hrafnkels sögu Freysgoða, Landnámu og Sturlungu. Íbúðarhúsið sem stendur nú á Geitdal var byggt 1953 en fyrr á öldum stóð bærinn töluvert innar. Þegar grafið var fyrir súrheysgryfju neðan við bæ fannst brunnið harsl mannabeina, spýtur og sótsteinar á um tveggja metra dýpi. Eins fannst hellulagður fjósgrunnur undir fjárhúsunum þar stutt frá. Um 1930 stóð í Geitdal íbúðarhús með timbri á tvo vegu 7x8 m og torfgrjótveggur á tvo, portbyggt. Norðan við var sambyggt fjós og hesthús með járnstafni. Húsið skemmdist í snjóflóði 1952 og var steinhúsið byggt og stendur það enn (Ármann Halldórsson, 1975:93).

3191-006 – Heimild um mannabeinafund

Í fyrri skráningu á svæðinu frá 2020 (Rannveig Þórhallsdóttir, 2020:15) er skráð heimild um mannabeinafund þegar grafið var fyrir súrheysgryfju við bæinn í Geitdal. Fundust þá á um tveggja metra dýpi brunnið harsl mannabeina, spýtur og sótsteinar (Ármann Halldórsson, 1975:93). Líklegast hefur súrheysgryfjan staðið neðan vegar, næst fjárhúsunum.

Þorvaldsstaðir

Við fornleifaskráningu voru skráðar sjö minjar í landi Þorvaldsstaða. Jörðin hefur verið í bændaeign og á ýmsum tímum tvíbýli, Efri- og Neðri- Þorvaldsstaðir. Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin á 18 hundruð (Johnsen, 1847:371). Stendur núverandi íbúðarhús við gamla bæjarhól efri bæjarins. Neðri bærinn stóð nokkru neðar í túninu en er nú horfinn í tún. Jarðarinnar er fyrst gerið í heimildum um 1537 þegar jörðin var seld Bjarna Erlendssyni sýslumanni fyrir hálfan Hnefilsdal og 4 hundruð að auki (Ármann Halldórsson, 1975:90).

3191-001 – Náttthagi

Um 600m innan við íbúðarhúsið á Þorvaldsstöðum er leifar náttthaga. Vegurinn áfram inn að Geitdal liggur að hluta til ofan á minjunum og hefur þeim verið raskað af honum. Um er að ræða grasi vaxið garðlag sem afmarkar 30x45 m stórt svæði. Veggahæð garðsins er frá 0.3-0.5 m og mesta þykkt um 1.2 m.

Lítill lækur sem rennur úr mýrinni ofan við náttthagann hefur grafið sig í gegnum vestur hlið garðsins.



Mynd 1. Náttthagi ofan við veg innan við Þorvaldsstaði, mynd tekin til vesturs.

3191-002 – Tóftarbrot

Minjarnar eru staðsettar um 60 m utan við íbúðarhúsið á Þorvaldsstöðum í nokkuð aflíðandi grasi vaxinni brekku. Um er að ræða L-laga vegghleðslu með 0.2-0.5 m háa, og 1 m breiða vegg. Hlutverk minjanna er ekki ljóst og þekktu ábúendur á Þorvaldsstöðum ekki tilgang þess. Líklega er um að ræða leifar kofa eða útihúss sem þarna hefur staðið.



Mynd 2. Tóftarbrot stutt utan við Þorvaldsstaði, mynd tekin til norðurs.

3191-003 –

Matjurtagarður

Minjarnar eru í um 100 m utan við íbúðarhúsið á Þorvaldsstöðum í graslendi undir aflíðandi brekku. Um er að ræða afmarkaðan nokkuð sléttan blett sem fellur lítillega inn í brekkuna efst. Svæðið er 9x18 m að stærð og afmarkað lágun veggjum á þrem hliðum en



Mynd 3. Matjurtagarður stutt utan við Þorvaldsstaði, mynd tekin til vesturs.

lítill skurður afmarkar austari mörk. Vegg hæð er á bilinu 0.1-0.3 m og mesta breidd veggja um 1 m. Líklegast er um matjurtagarð að ræða, þrír matjurtagarðar eru merktir inn á túnakort Þorvaldsstaða frá 1918-19, einn utan við Ytri-Bæjará líkt og þessi þó staðsetningin falli ekki alveg heim og saman.

3191-004 – Bæjarhóll

Þétt við veginn nokkra metra ofan við íbúðarhúsið á Þorvaldsstöðum stóð gamli bærinn. Byggt var við hann timburhús um 1890 með kjallara úr grjóti, gamla baðstofan var rifin 1932 og timburhúsið stækkað. Timburhúsið stóð enn 1973 en hefur síðan verið rífið og eftir stendur bæjarhóllinn (Ármann Halldórsson, 1975:91). Greina má grjóthleðsluna í kjallaranum í austur hlið bæjarhólsins, eins 4x8 m steinhlaðnar undirstöður hesthúss suðvestarlega. Nyrst í bæjarhólnum má greina lítið rými um 1.5x3 m að stærð. Bæjarhóllinn er um 20x37 m að stærð en mörk hans eru nokkuð ógreinileg austan megin. Lítil timburkofi stendur ofan á hólnum. Við vegagerð á veginum sem liggur á milli bæjarhólsins og núverandi íbúðarhúss

hefur hólnum verið nokkuð raskað.



Mynd 4. Gamli bæjarhólinn á Þorvaldsstöðum, mynd tekin til suðvesturs.

3191-007 – Heimild

Nokkuð ofarlega í túni stutt neðan við íbúðarhúsið á Þorvaldsstöðum er örnefnið Hús. Í örnefnaskrá Þorvaldsstaða stendur: „Framan við Ytriá, efst í neðra túni, voru sex hús: þrjú fjárhús, tvær hlöður og einn hrútakofi. Þar var kallað út og niður á Húsum, en eldra nafn var Á Gerði.“ Sjást engin merki þessarar húsa lengur og hafa þau horfið við sléttun túna.

3191-034 – Landamerki

Nokkurn veginn miðja vegu á milli Flögu og Þorvaldsstaða er lækur sem rennur ofan úr Grafarbotnum. Lækurinn ber nafnið Marklækur sem merkir landamerki milli bæjanna tveggja.

3191-038 – tóft

Rúmum 40 m ofan við gamla bæjarhólinn á Þorvaldsstöðum stendur grasi vaxin tóft. Tóftin er tvíhólfa, 9x7 m að stærð og byggð inn í lága brekku. Vegg hæð tóftarinnar er á bilinu 0.3-0.7 m og veggþykkt á bilinu 1-2 m. Hefur tóftin stefnuna austur-vestur og er inngangur á henni til austurs. Vestara rýmið stendur nokkru hærra en það austara og eru veggir tóftarinnar

hæstir í því rými. Tóftin minnir helst á litla fjárhústóft með hlöðu innst. Járn og spýtubrak lá innan í tóftinni.



Mynd 5. Tóft [3191-038] ofan við Þorvaldsstaði, mynd tekin til vesturs.

Flaga

Engar minjar sást við vettvangsskoðun á skráningarsvæðinu í landi Þingmúla né við könnun heimilda.

Mýrar

Við fornleifaskráningu var ein fornleif skráð. Mýrar hefur verið í sjálfsábúð frá 1909 en var áður kirkjujörð Hallormsstaðar. Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin 9 hundruð (Johnsen, 1847:372). Árið 1936 var stofnað nýbýlið Brún í hluta af landi Mýra. Árið 1949 lagðist niður ábúð á Brún og sameinaðist Mýrum (Ármann Halldórsson, 1975:86).

3191-005 – Heimild - Smiðjuhóll

Neðan við gamla bæinn á Mýrum, þétt neðan við veg, er örnefnið Smiðjuhóll. Í örnefnaskrá Mýra segir: „Neðan við gamla bæinn, nú fjárhús, er Smiðjuhóll“. Samkvæmt Jónínu Zóphóníasdóttur ábúenda á Mýrum var sléttað úr svæðinu og mokað upp í skurð við hólinn.

Á hólnum stóð smiðja og var hún í notkun í tíð Stefáns Þórarinssonar afa Jónínu sem bjó á Mýrum 1907-1951. Man Jónína til þess að glerbrot hafi fundist á svæðinu. Nú sjást lítil sem engin ummerki um smiðjuna. Líklega hefur smiðjan verið í notkun í kringum og upp úr aldamótum 1900.

Þingmúli

Engar minjar sást við vettvangsskoðun á skráningarsvæðinu í landi Þingmúla né við könnun heimilda.

Múlastekkur

Við fornleifaskráningu voru 11 minjar skráðar í landi Múlastekks. Múlastekkur er ungt býli og byggist út úr landi Þingmúla af Sigurði Höskuldssyni árið 1901. Flutti Sigurður timburhús frá Reyðarfirði og reisti á staðnum. Áður voru fjárhús frá Þingmúla á jörðinni. Talið er að áður hafi staðið á jörðinni býlið Hraungerði en tóftir þess má finna nokkru innan við bæinn (Ármann Halldórsson, 1975:98)

3191-008 - Garðlag

Við svokallaðan Lónakíl um 200 m utan við íbúðarhúsið á Múlastekk stendur grasi vaxið garðlagsbrot. Vegg hæð garðlagsins er frá 0.3-0.5 m og veggþykkt á bilinu 1-2 m. Garðlagið er L-laga og liggur austur-vestur og norður-suður, sá hluti þess sem liggur norður-suður stendur



Mynd 6. Garðlag við Lónakíl, mynd tekin til suðurs.

við litla brekku og er töluvert ógreinilegra þar en austur-vestur hluti þess. Garðlagið stendur rúma fjóra metra frá skurði og sléttu túni og hafa þessar framkvæmdir raskað því, eins hefur ljósleiðari verið lagður milli garðlagsins og skurðsins. Á loftmynd LMÍ frá 1970 af svæðinu má sjá móta fyrir garðinum og hefur hann legið nokkuð lengra til austurs en sá hluti horfið í tún. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en mögulega er hér um gamlan túngarð að ræða.

3191-009 – Garðlag

Stutt neðan við svokallaðan Hesthúshól um 150 m utan við íbúðarhúsið á Múlastekk stendur garðlagsbrot.

Minjarnar eru grasi grónar með vegg hæð á bilinu 0.2-0.3 m og er breidd veggja á bilinu 1-1.2m. Garðlagið liggur nokkurn vegginn austur-vestur og er greinilegt á um 14 m

kafla. Ekki er ljóst hvaða tilgangi minjarnar þjóna, mögulega tengjast þær vatnsveitingu en svæðið er nokkuð votlent.



Mynd 7. Garðlag neðan við Hesthúshól, mynd tekin til austurs.

3191-010 – Vegur

Á um 50 m kafla neðan við íbúðarhúsið liggur vegspotti niður brekkuna að túnunum. Er hér um að ræða gamla túnveginn. Ekki er ljóst með aldur minjanna en þær hafa líklega verið í notkun í kringum miðja síðustu öld og teljast því ekki til friðaðra fornleifa.



Mynd 8. Gamli túnvegurinn neðan við Múlastekk, mynd tekin til suðurs.

3191-011 – Fremrahús

Um 30 m neðan við íbúðarhúsið á Múlastekk mótast fyrir tóftum. Í örnefnaskrá Múlastekks segir: „Hóllinn fyrir neðan bæ heitir Fremrahúshóll ... Á Fremrahúshól var fjárhús, kallað Fremrahús.“ Á loftmynd LMÍ frá 1970 sjást húsin uppistandandi með bárujárnsþaki, um 1950 eru sex útihús á Múlastekk, 3 fjárhús, 2 hlöður og fjós, allt byggt út torfi og grjóti með bárujárnsþaki. Líklega er hér um fjárhús að ræða og virðist móta fyrir tveim gördum í

tóftinni. Tóftin er 10x12 m að stærð, grasi vaxinn og er vegghæð hennar á bilinu 0.2-0.4 m og þykkt veggja 0.5-1.5 m.



Mynd 9. Tóftir Fremrahúss, stutt neðan við Múlastekk, mynd tekin til austurs.

3191-012 – Hleðsla

Um 90 m innan við íbúðarhúsið á Múlastekk á lágum melhóli stendur grjóthlaðinn garður með leguna austur-vestur á 45 m kafla. Hleðslan samanstendur af nokkuð stóru grjóti í einfaldri röð. Vegghæð garðsins er á bilinu 0.2-0.4 m og veggþykkt á bilinu 0.3-1 m.



Mynd 10. Hleðsla innan við Múlastekk, mynd tekin til vesturs.

3191-013 - Vegur

Um er að ræða gamla akveginn inn dalinn. Vegurinn er sjáanlegur á loftmynd LMÍ frá 1970 og var lagður 1951 (Ármann Halldórsson, 1975:98). Minjarnar hafa ekki náð tilsettum aldri til að teljast friðaðar fornleifar.



Mynd 11. Gamli akvegurinn innan við Múlastekk, mynd tekin til suðurs.

3191-014 – Matjurtagarður

Minjarnar eru staðsettar um 250 m innan við íbúðarhúsið, stutt neðan við núverandi veg og þétt neðan við gamla veginn. Um er að ræða nokkuð slétta dæld, 10x30 m að stærð. Dældin er lítillega grafinn inn í lága brekku sem afmarkar suður og vestur hlið minjanna en lágur garður afmarkar norður og austur hlið minjanna. Líklegast er hér um að ræða matjurtagarð. Minjarnar eru grasi grónar, veggghæð á vegghleðslum er 0.1-0.2 m á hæð og breidd veggja á bilinu 0.3-0.7 m.



Mynd 12. Matjurtagarður innan við Múlastekk, mynd tekin til suðvesturs.

3191-015 – Rétt

Minjarnar eru staðsettar undir svokölluðum Fremri-Hraunhala við Sléttu stutt austan við Seltjörn. Á örnefnakorti Múlastekks og Þingmúla er merkt inn rétt á staðnum. Um er að ræða 10x16 m tvíhólfa rétt með leguna austur-vestur.



Mynd 13. Rétt undir Framri-Hraunhala, mynd tekin til vesturs.

Gegnt er á milli hólfanna tveggja og er inngangur inn í réttina á norður hlið vestara hólfins. Minjarnar eru vaxnar grasi og mosa og einstaka birkihríslur vaxa upp úr minjunum. Minjarnar eru að hluta til grafnar inn í hólinn sem þær standa undir og þjónar hann sem suðurveggur þeirra. Minjarnar eru nokkuð heillegar og er vegghæð þeirra á bilinu 0.2-1.2 m og veggþykkt á bilinu 0.5-1.5 m. Ljósleiðari hefur verið plægður niður þétt við austurhlið minjanna.

3191-016 – Áveitugarður

Á svokallaðri Staðartóttargrund liggur lágur garður á um 50 m kafla með stefnuna norður-suður. Grunnur og mjór niðurgröftur liggur meðfram garðinum og er líklega hér um áveitugarð að ræða og garðurinn uppmokstur úr skurðinum. Minjarnar eru grasi grónar, vegghæð á bilinu 0.1-0.3 m og veggþykkt 0.5 m.



Mynd 14. Áveitugarður á Staðartóttargrund, mynd tekin til norðurs.

3191-036 – Heimild – Brunnur

Neðan við íbúðarhúsið á Múlastekk heitir Brunnsléttu, um hana segir í örnefnaskrá: „Brunnsléttu heitir fyrir neðan bæ; í henni var gamall brunnur, uppspretta, fylltur 1943“. Ekki sástu nein ummerki minjanna á vettvangi.

3191-037 – Heimild – Mannabeinafundur

Stutt utan við landamerki Birkihlíðar og Múlastekks er þunn landræma milli vegs og Múlaár. Um staðinn segir í örnefnaskrá Múlastekks: „Fyrir neðan Skóginn meðfram Múlaá heitir Staðartóttargrund. Þar eru gamlar bæjarrústir, heita Staðartættur (brotnar) og gamall kirkjugarður, sem áin (Múlaá) brýtur; þar fann Sigbjörn lærlegg úr manni, klástein úr gömlum vefstól og glas sem mannsfót í lögun, myrkblátt. Glasið brotnaði, en brotin týndust. Þetta var fyrir þrjátíu árum. Fyrir utan Staðartóttargrund er Árnámýri og hóll sem heitir annaðhvort Árnagerði eða Hraungerði; þar eru miklar tættur. Tvær tættur eru ofar, upp á hæð.

Benedikt Blöndal, áleit, eftir fornum bókum eða máldögum, að þar sem Staðartættur eru, hafi verið kirkjustaður frá Múla og hefði brunnið. Brunaleifar hafa fundizt í rústunum.“ Ekki sáust nein ummerki um minjarnar á vettvangi en hugsast getur að þær séu að mestu horfnar í ánnu. Áin grefur enn inn í bakkann við staðinn og var barðið skoðað við skráninguna en ekki sáust neinar vísbendingar um mannvist.

Birkihlíð

Í landi Birkihlíðar voru skráðar tvær minjar. Birkihlíð er nýbýli stofnað yst úr landi Borgar árið 1936 (Ármann Halldórsson, 1975:101).

3191-026 – Heimild – Náttthagi

Á örnefnakorti Helga Hallgrímssonar af Birkihlíð er örnefnið Náttthagi merkt inn í túni stutt utan og neðan við bæinn. Í örnefnaskrá staðarins frá 1971 er þess getið að örnefni í túninu á Birkihlíð eru ekki búin að ná festu og óskar ábúandinn að láta þau óskráð (Örnefnaskrá Birkihlíðar). Hugsast getur að þetta örnefni sé komið frá Borg en Birkihlíð byggist úr landi Borgar 1936 (Ármann Halldórsson, 1975:100). Ekki sjást nein merki náttthaga á staðnum.

3191-035 – Heimild – Pottgrund

Í örnefnaskrá Birkihlíðar segir: „Rétt utan við landamerki Birkihlíðar og Borgar er Næstilækur. ... Beggja megin við Næstalæk áðurnefndan eru sléttir balar, kallaðir Pottgrund. Heimildarmaður er ekki viss um uppruna nafnsins, en segir, að þar hafi verið þvegin ull, og e.t.v. sé nafnið dragið af ullarpotti.“ Eru minjarnar staðsettar undir brekkur um 400 m utan við íbúðarhúsið á Borg.

Borg

Við fornleifaskráningu voru sjö minjar skráðar í landi Borgar. Borg var hjáleiga Þingmúlakirkju þar til hún var keypt af Bjarna Björnssyni stuttu eftir 1920. Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin á 7 hundruð (Johnsen 1847:371). Stóð bærinn á Borg áður við bæjarlækinn stutt ofan við veg en 1963 var byggt steinhús stuttu utar neðan við veginn. Standa nú útihús þar sem gamli bærinn stóð (Ármann Halldórsson, 1975:100).

3191-017 – Girðing

Á um 100 m kafla með stefnuna norðvestur-suðaustur liggja leifar gamallar girðingar tæpa 200 m utan við íbúðarhúsið á Borg. Um er að ræða einfalda steinaröð sem líklega hefur staðið við girðingu þegar hún stóð enn. Upp úr 1920 kom túngirðing á Borg og var túngarður á parti (Ármann Halldórsson, 1975:199).



Mynd 15. Girðingarleifar stutt utan við Borg, mynd tekin til suðausturs.

3191-018 – Dæld

Þétt innan við girðingarleifar [3191-017] stutt frá Árnatættum [3191-022] er nokkuð djúp og óregluleg dæld í brekkunni. Dældin er 6x11 m að stærð og grasi vaxin, nokkrir steinar sjást stingast upp úr grasinu innan í tóftinni en ekkert form er á þeim. Hugsast getur að minjarnar tengist Árnatóttum [3191-022] sem stóðu stutt neðar og innar í túninu.



Mynd 16. Dæld stutt utan við Borg, mynd tekin til suðausturs.

3191-019 – Kofarúst

Í túni stutt innan við bæjarlækinn um 190 m innan við íbúðarhúsið á Borg er rúst grjóthlaðins kofa. Minjarnar eru um 3.5x7 m að stærð, veggghæð á bilinu 0.3-1.6 m og þykkt veggja frá 0.5-1.2 m. Bárujárnsþak hefur verið á kofanum en það liggur hrunið ásamt tréverki í miðri rústinni. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en mögulega er um að ræða reykkofa eða lítið

útihús. Minjarnar bera þess ekki merki að vera mjög fornar og hafa líklegast verið reistar snemma á eða um miðja 20. öldina.



Mynd 17. Kofarúst í túni stutt innan við Borg, mynd tekin til vesturs.

3191-022 – Heimild – Árnatættur

Í örnefnaskrá Borgar segir: „Rétt utan við túnið er smálækur, kallaður Árnatóttalækur. Við lækinn eru gamlar rústir, sem heita Árnatættur, kenndar við Árna Magnússon, sem var eiginmaður Þuríðar Einarsdóttur. Þau skildu samvistir og Árni fór ráðsmaður til Sigríðar í Vantsskógum og síðar til Ameríku.“ (Örnefnaskrá Borgar). Ekki sáust merki minjanna á vettvangi nema þá mögulega dæld [3191-018]. Trúlega hafa minjarnar staðið ofar, ofan við veg. Í fyrri fornleifaskráningu á svæðinu segir að Árnatættur hafi staðið við Árnatóttarlæk yst í túninu þar sem nú standa fjárhús (Rannveig Þórhallsdóttir, 2020:18)

3191-023 – Heimild – Langhús

Í örnefnaskrá Borgar segir: „Ofan við Leyning hét Langhúshóll. Þar stóð fjárhús, kallað Langhús. Nú stendur þar íbúðarhúsið á Borg.“ Hefur þar sem núna stendur íbúðarhúsið á Borg staðið fjárhús en gamli bæjarhóllinn stóð stuttu innar og ofar við Bæjarlækinn ofan við veg. Ekki sjást neinar minjar Langhúsa en hefur þeim líklegast verið töluvert raskað af íbúðarhúsinu sem stendur þar nú.

3191-024 - Heimagrafreitur

Girtur heimagrafreitur stendur í túninu stutt innan við íbúðarhúsið á Borg stutt neðan við veg. Hefur hann líklegast verið tekin í notkun á 20. öldinni.



3191-025 - Heimild – Stekkur

Mynd 18. Heimagrafreiturinn á Borg, mynd tekin til austurs.

Í örnefnaskrá Borgar segir: „Þá er komið út að Stekkalæk, fyrir utan hann var Stekkur, en lækurinn spjó aur á hann, svo hann er horfinn.“ Örnefnið hefur verið merkt inn á Örnefnakort LMÍ en engin merki um minjarnar sáust á vettvangi og er hann líklega alveg horfin undir aur.

Hjarðarhlíð.

Engar minjar sáust við vettvangsskoðun á skráningarsvæðinu í landi Þingmúla né við könnun heimilda.

Hallbjarnarstaðir

Við fornleifaskráningu voru skráðar sjö minjar í landi Hallbjarnarstaða. Hallbjarnarstaða er getið í máldaga Múlakirkju árið 1397 (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, 1999:22-23)(DI IV, 203). Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin á 16 hundruð ásamt háleigu og sögð eign Þingmúlakirkju og er það til 1918 (Johnsen, 1847:371; Ármann Halldórsson, 1975:109). Steinhús var byggt á staðnum 1939 við gamla bæjarhólinn og stendur þar enn og hefur verið vel við haldið.

3191-020 – Reiðgötur

Stuttu utan við gamla bæinn á Hallbjarnarstöðum sést móta fyrir reiðgötu í túninu sem liggja út frá bænum. Eru þær merktar á Örnefnakort LMÍ sem reiðgötur til Arnhólsstaða. Benti Magnús Karlsson ábúandi á Hallbjarnarstöðum skráningarmanni á minjarnar á vettvangi og kvað þær vera gömlu reiðleiðina milli bæjanna. Minjarnar eru nokkuð ógreinilegar á vettvangi en sjást ágætlega á loftmyndum.



3191-027 – Heimild – Nátthagalækur

Nátthagalækur er merktur inn á Örnefnakort LMÍ og bregður honum líka fyrir í örnefnaskrá Hallbjarnarstaða, segir þar: „Inn af henni eru Hörðumelar og innan við hann Langasund, þar fyrir innan Nátthagalækur og meðfram honum ofar Nátthagar“. Eru þeir Nátthagar sem lækur ber nafn eftir staðsettir nokkru ofar og utan skráningarsvæðis.

3191-028 – Merkilækur

Í örnefnaskrá Hallbjarnarstaðar segir: „Innan við Stekkeyri er Merkilækjareyri, og nær hún að Merkilæk.“ Minjarnar eru einnig merktar inn á Örnefnakort LMÍ. Um er að ræða landamerki milli Hallbjarnarstaðar og Víðilækjar.

3191-030 – Heimild – Kvíar

Segir í örnefnaskrá Hallbjarnarstaðar: „Utan við læk í túnjaðri hét Kvíabali. Þar voru kvíar áður og áningastaður ferðamanna, sem fóru Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar.“ Hefur staðsetning örnefnisins verið merkt inn á Örnefnakort LMÍ. Ekki sáust nein merki um minjarnar á svæðinu og eru þær sennilega horfnar í tún.

3191-031 – Heimild – Miðhús

Í örnefnaskrá Hallbjarnarstaðar segir: „Út af Hrinusléttu er Miðhúshóll; þar stóð fjárhús, kallað Miðhús.“ Magnús Karlsson ábúandi sagði til um hvar Miðhús höfðu staðið og eru þau nú horfin undir stórt malarplan neðan við gamla bæinn.

3191-032 – Dæld – Neðstahús

Á svokölluðum Neðstahúshrygg neðan við gamla bæinn á Hallbjarnarstöðum er dæld, um 4x6 m að stærð og stóð þar á staðnum Neðstahús. Í örnefnaskrá Hallbjarnarstaðar segir um svæðið: „Þar inn af er hæð, kölluð Neðstahúshryggur; þar stóð fjárhús, kallað Neðstahús.“

3191-033 – Bæjarhóll

Gamli bæjarhóllinn á Hallbjarnarstöðum er staðsettur þétt innan við gamla bæinn, á milli hans og hlöðunnar sem þar stendur. Þar stóðu bæjarhúsin áður en þeim var rutt niður. Er þar nú afgirtur garður við gamla bæinn. Hús þessi standa á nokkuð miklum hól sem líklega er mest af náttúrunnar hendi. Gamli bærinn var byggður um 1939 og trúlega hafa gömlu húsin horfið upp úr því.

Víðilækur

Við fornleifaskráningu var ein fornleif skráð í landi Víðilækjar. Víðilækur var hjáleiga frá Hallbjarnarstöðum og eign Þingmúlakirkju. Bærinn var upphaflega á hringlaga hól efst á túninu þar sem heitir Gamlibær en var tvívegis færður neðar í túnið. Á gamlabæ voru fjárhús úr torfi og grjóti fram til 1970. Bæjarins er getið í heimildum frá 1695 og heimildir eru einnig um búsetu á staðnum á seinni hluta 19. aldar (Rannveig Þórhallsdóttir, 2020:18; Ármann Halldórsson, 1975:107-8)

3191-029 – Heimild – Svarðargrafir

Á Örnefnakorti LMÍ er örnefnið Svarðargrafir merkt inn á staðnum, ekki fannst þetta örnefni í Örnefnaskrá Víðilæks. Ekki sást nein ummerki svarðargrafa innan skráningarsvæðisins á vettvangi.

Haugar

Við fornleifaskráningu var skráð ein fornleif í landi Hauga. Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin á 4 hundruð og sögð eign Skriðuklausturs en er komin í bændaeign árið 1918 (Johnsen, 1847:371; Ármann Halldórsson, 1975:105). Stendur bærinn nú neðan við Haugahóla stutt austan við Múlaá en talið er að bærinn hafi í upphafi staðið innst í hólunum þar sem rústir eru sjáanlegar. Áður en bærinn var færður á þann stað sem hann stendur nú stóð hann innar, næst miðju túni upp frá mótum Haugakvíslar og Múlaár (Rannveig Þórhallsdóttir, 2020:18; Ármann Halldórsson, 1975:196).

3191-021 – Rétt

Í túni milli íbúðarhússins á Haugum og Múlaár er holt er nefnist Kvíaholt, undir því sunnan megin eru leifar kvía eða réttar. Bentu ábúendur á Haugum á minjarnar. Minjunum hefur verið mikið raskað líklega af túnsléttun og sést hleðsla á litlu svæði.



Mynd 19. Minjar [3191-021] við Hauga, mynd tekin til norðurs.

Niðurstöður

Við fornleifaskráningu voru skráðar í heildina 38 minjar í og við skráningarsvæðið. Skráningarsvæðið liggur um land 12 jarða og voru mismargar fornleifar skráðar á hverri jörð. Í þremur tilvikum, þ.e. Þingmúla, Flögu og Hjarðarhlíðar fundust engar fornleifar við skráningu. Í töflu 1 mátt sjá yfirlit yfir skráðar minjar. Af þeim 38 minjum sem skráðar voru flokkast 17 þeirra sem heimild um minjar og í flestum þeim tilvikum sáust engin merki minjanna á vettvangi.

Bróðurpartur skráðra minjanna mætti flokka sem hefðbundnar 19. og 20. aldar landbúnaðarminjar líkt og búast mætti við á svæði sem þessu, svo sem náthagar, útihús, matjurtagarðar og garðlög. Lítið var skráð af minjum sem teljast mættu fornar og eru það aðallega örnefni og heimildir sem gáfu vísbendingar um eldri minjar. Tvær heimildir um mannabeinafundir voru skráðar við Geitdal og Múlustekki sem gefa til kynna að um fornar minjar séu að ræða. Töluvert hefur fundist af kumlum í Skriðdal, til að mynda á Vaði og við

Þórisá. Regin fjöll og brattar hlíðar standa hátt yfir dalnum og hafa skriður og snjóflóð verið nokkuð tíð og sett svip sinn á sveitina. Eins nagar Múlá, neðar Grímsá, bakka sína og eru dæmi þess við Staðartóttir að minjar hverfi vegna vatnsaga.

Tafla 1

Nr.	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3191-001	garðlag	nátthagi	friðað	vel greinanlegar	1550-1900	704051,57	509755,51
3191-002	tóft	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1550-1900	704166,45	510437,23
3191-003	jarðræktarsvæði	matjurtagarður	friðað	vel greinanlegar	1800-1950	704195,39	510459,85
3191-004	hóll	bæjarhóll	friðað	vel greinanlegar	800-1900	704112,36	510364,32
3191-005	heimild	smiðja	friðað	sést ekki	1850-1930	705919,55	513879,05
3191-006	heimild	mannabein	friðað	ómetið	800-1900	703279,96	506501,99
3191-007	heimild	útihús	friðað	sést ekki	1550-1950	704184,71	510373,72
3191-008	garðlag	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1500-1900	706746,00	509957,57
3191-009	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	1500-1900	706754,14	509873,49
3191-010	vegur	leið	annað	vel greinanlegar	1920-1980	706811,48	509785,55
3191-011	tóft	fjárhús	friðað	greinanlegar	1900-1970	706739,58	509716,48
3191-012	hleðsla	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1500-1900	706777,75	509655,08
3191-013	vegur	leið	annað	vel greinanlegar	1930-1940	706806,18	509516,75
3191-014	jarðræktarsvæði	matjurtagarður	friðað	greinanlegar	1500-1900	706814,34	509476,77
3191-015	tóft	rétt	friðað	vel greinanlegar	1800-1900	706845,63	509075,08
3191-016	garðlag	áveita	friðað	greinanlegar	1800-1950	706492,73	508556,49
3191-017	girðing	óþekkt	annað	vel greinanlegar	1920-1990	706397,19	506876,25
3191-018	dæld	óþekkt	friðað	greinanlegar	800-1900	706412,71	506839,23
3191-019	tóft	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1920-1980	706253,55	506526,02
3191-020	gata	leið	friðað	illgreinanlegar	800-1900	707804,32	509541,37
3191-021	hleðsla	rétt	friðað	greinanlegar	1550-1900	706437,91	505230,56
3191-022	heimild	bæjarstæði	friðað	sést ekki	1800-1900	706401,34	506836,92
3191-023	heimild	útihús	friðað	sést ekki	1550-1900	706303,76	506706,57
3191-024	hóll	grafreitir	annað	vel greinanlegar	1920-2000	706254,02	506625,90

3191-025	heimild	stekkur	friðað	sést ekki	800-1900	706202,46	506152,00
3191-026	heimild	nátthagí	friðað	sést ekki	800-1900	706500,97	508129,75
3191-027	heimild	nátthagí	friðað	sést ekki	800-1900	707449,29	508938,27
3191-028	heimild	landamerki	friðað	vel greinanlegar	800-1900	707428,81	508782,97
3191-029	heimild	mógrafir	friðað	sést ekki	800-1900	707317,08	508427,29
3191-030	heimild	kvíar	friðað	sést ekki	1550-1900	707733,40	509628,11
3191-031	heimild	útihús	friðað	sést ekki	1550-1900	707710,89	509484,39
3191-032	dæld	útihús	friðað	greinanlegar	800-1900	707660,25	509460,49
3191-033	heimild	bæjarhóll	friðað	sést ekki	800-1900	707774,81	509466,80
3191-034	heimild	landamerki	friðað	vel greinanlegar	800-1900	704518,84	510921,92
3191-035	heimild	þvottastaður	friðað	ómetið	800-1900	706440,28	507098,92
3191-036	heimild	brunnur	friðað	sést ekki	1850-1900	706849,10	509663,91
3191-037	heimild	mannabein	friðað	sést ekki	800-1900	706583,95	508562,12
3191-038	tóft	útihús	friðað	vel greinanlegar	1550-1950	704053,72	510349,51

Heimildaskrá:

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, (2000). *Múlasýslur, sýslu og sóknalýsingar*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík

Guðný Zoëga & Bryndís Zoëga (2015). *Fornleifaskráning á Héraði 2015*. Byggðarsafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur.

Helgi Hallgrímsson. (1993-2000). *Náttúru- og menningarminjar í Austfirðingafjöðungi*. Vegna skógræktar. [Óbirt, varðveitt hjá Skógrækt ríkisins].

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Minjastofnun Íslands. (2013). „Skráningarstaðlar fornleifa.“

Túnakort (1919) fyrir Geitdal, Þorvaldsstaði, Mýrar, Þingmúla, Múlastekk, Borg, Hallbjarnarstaði, Hauga og Víðlæk fram (testbirting.manntal.is).

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, (1999). *Menningarminjar í Tunguhreppi í Norður-Múlasýslu – Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS079-98088

Rannveig Þórhallsdóttir (2020). *Fornleifaskráning á skógræktarsvæði að Mýrum í Skriðdal, Múlaþingi*. Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir (2020). *Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi, Skriðdalur og Vellir að Grímsá*. Sagnabrunnur ehf.

Örnefnastofnun (1970). Örnefnaskrá Geitdals, Þorbaldsstað, Mýrar, Þingmúla, Múlastekk, Borg, Birkihlíð, Hjarðarhlíð, Hallbjarnarstaði, Víðilæk og Hauga, Suður-Múlasýslu, nú Múlaþingi.


Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis

Við fornleifaskráningu vegna strenglagnar í Norður- og Suðurdal í Skriðdal kom í ljós að 17 minjar eru staðsettar í og við fyrirhugaða legu strengsins. Vegna þeirrar hættu sem stafar að minjunum var lögð til breyting á legu strengsins með það markmið að tryggja að sem minnst rask verði á minjum við framkvæmdirnar. Verður hér gert grein fyrir þeim minjum sem stafar hættu af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisáðgerðir. Það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir hefjast og er það stofnunarinnar að setja þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg.

Þorvaldsstaðir


Í landi Þorvaldsstaða eru fjórar minjar sem stafar hættu af framkvæmdunum. Um er að ræða: náttuga [3191-001], tóftarbrot [3191-002], matjurtagarð [3191-003] og bæjarhól [3191-004]. Í öllum tilvikum lágu minjarnar við fyrirhugaða legu strengsins eða inna 15 m áhrifasvæðis hans.

Lá fyrirhuguð lega strengsins í gegnum eða mjög nærri þrennum minjum nálægt íbúðarhúsinu á Þorvaldsstöðum. Við bæjarhólinn [3191-004] lá línan innan við 1 m frá minjunum og var línan færð ofar, við það fara minjarnar að mestu út fyrir áhrifasvæði framkvæmdanna þó að norðvestur hluti hólins liggi enn nokkra metra innan þess, um 8 m frá strengnum. Ekki þótt fýsilegt að færa strenginn í túnið neðan við bæ bæði vegna þess að töluverðar heimildir eru um minjar í túninu og vegna staðsetningu inntaks á íbúðarhúsinu.



Mynd 20. Minjar í hættu við Þorvaldsstaði.

Stuttu utan við bæinn lentu minjar [3191-002 & -003] undir fyrirhugaðri legu strengsins. Var línan færð nokkra metra neðan við minjarnar. Vegna breytingarinnar liggja minjar [3191-002] nú rétt utan við áhrifasvæði framkvæmdanna og lítill hluti minja [3191-003] innan þeirra, um 8.5 m frá legu strengsins. Svo tryggja megi að minjarnar verði ekki fyrir raski er einnig lagt til að minjar [3191-002, -003 & -004] verði merktar á vettvangi meðan á framkvæmdum stendur á svæðinu.




Mynd 21. Minjar [3191-001] með tilliti til legu strengsins.

Innan við Þorvaldsstaði var fyrirhuguð lega strengsins um 4 metra frá minjum [3191-001]. Var línan færð og liggur núna um 15 m ofan við minjarnar og stafar minjunum því ekki lengur hættu af framkvæmdunum.

Mýrar

Smiðjuhóll [3191-005] sem skráður var við Mýrar lá um 6 m frá fyrirhugaðri legu strengsins, hefur hóllinn horfið við sléttun svo umfang hans er ekki þekkt. Var lega strengsins breytt og fær neðar í túnið, liggur hann nú um 12 m frá hólnum. Strengurinn liggur enn innan þeirra 15 m friðhelguðu marka umhverfis fornleifarnar en þar sem leið strengsins liggur um slétt tún og raskað svæði er það mat skráanda að ekki verði rask á minjunum umfram það rask sem þegar


hefur orðið á minjunum. Svo tryggja megi að minjarnar verði ekki fyrir raski er einnig lagt til að minjarnar verði merktar á vettvangi meðan á framkvæmdum standur á svæðinu.



Mynd 22. Minjar [3191-005] með tilliti til legu strengsins.

Múlastekkur

Í landi Múlastekks eru fimm minjar sem stafar hættu af framkvæmdunum: garðlag [3191-008], tóftir [3191-011], matjurtagarður [3191-014], rétt [3191-015] og áveitugarður [3191-016]. Minjar [3191-008] lentu undir fyrirhugaðri legu strengsins en var breyting gerð á línunni og liggur hann nú í túni um 15 m austan við minjarnar og stafar þeim því ekki hættu af framkvæmdunum.



Mynd 23. Minjar [3191-008 & -009] með tilliti til legu strengsins.




Mynd 24. Minjar í hættu við Múlastekk.

Minjar [3191-011] lentu innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar legu strengsins en gerð var breyting á legu línunnar og liggja minjarnar nú 15 m utan norðan við strenginn og stafar ekki hætta af framkvæmdunum.

Minjar [3191-014] eru staðsettar rúmum 5 m austan við fyrirhugaða legu strengsins. Vegna lítils undirlendis og vandræða við að færa strenginn ofan við veg reyndist ekki unnt að færa línuna. Eru minjarnar þess eðlis að ólíklegt er að frekari minjar liggi undir sverði umhverfis þær. Er hér lagt til að minjarnar verði merktar á vettvangi á meðan framkvæmdum stendur svo tryggja megi að þær verði ekki fyrir raski.



Mynd 25. Minjar [3191-014] með tilliti til legu strengsins.



Mynd 26. Minjar [3191-015] með tilliti til legu strengsins.

Fyrirhuguð lega strengsins kemur til með að liggja þvert í gegnum minjar [3191-015]. Var legan færð um 20 m austar og liggur nú um 15 m austan við minjarnar. Minjunum stafar því ekki lengur hættu af framkvæmdunum.




Mynd 27. Minjar [3191-016] með tilliti til legu strengsins.

Minjar [3191-016] liggja um 8.5 m vestan við fyrirhugaðri legu strengsins þar sem þær liggja næst honum og liggja því innan áhrifasvæði hans. Ekki þótti fýsilegt að fær strenginn lengra til austurs vegna heimilda um minjar við Staðartóttir [3191-037], en talið er að fornar minjar liggi þar undir sverði og hafa meðal annars fundist þar mannabein. Til að tryggja öryggi minjanna er lagt til að merkt verði fyrir minjunum á meðan á framkvæmdum stendur.

Borg

Við Borg eru þrjár minjar sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna: heimild um úthús [3191-023], heimagrafreitur [3191-024] og kofarúst [3191-019]. Í tilfalli minja [3191-024 & -019] er ekki víst hvort minjarnar nái þeim aldri til að teljast friðaðar fornleifar.

Ekki sást nein merki um minjar [3191-023] á vettvangi og eru þær að öllum líkindum alveg horfnar í tún eða undir íbúðarhúsið. Ekki er talin þörf á neinum mótvægisáðgerðum vegna þeirra.



Mynd 28. Minjar í hættu við Borg.

Minjar [3191-019] liggja 1 m austan við fyrirhugaða legu strengsins en eftir að breyting var gerð á legu hans liggja minjarnar um 7 m austan við hann. Ekki reynist mögulegt að færa línuna mikið ofar vegna vegarins. Minjarnar eru þess eðlis að ekki er talið líklegt að frekari minjar liggi undir sverði umhverfis þær. Lagt er til að svo að öryggi minjanna sé tryggt verði merkt fyrir þeim á vettvangi á meðan á framkvæmdum stendur.

Austari mörk heimagrafreitsins [3191-024] liggur um 8 m vestan við fyrirhugaða lega strengsins. Grafreiturinn er vel afmarkaður og ekki er talin þörf á mótvægisaðgerðum vegna hans.

Haugar



Mynd 29. Minjar við Hauga


Við Hauga var skráð ein fornleif sem er á mörkum þess að stafa hætta af framkvæmdunum. Um er að ræða nokkuð raskaðar leifar réttar [3191-021]. Minjar standa 15 m frá fyrirhugaðri legu línunnar og stafar ekki bein hætta af framkvæmdunum. Ekki verðar lagðar til neinar mótvægisaðgerðir vegna minjanna en gott er fyrir framkvæmdaraðila að vera meðvitaða um staðsetningu þeirra.

Hallbjarnarstaðir

Við Hallbjarnarstaði eru þrennar minjar sem stafar hætta af framkvæmdunum: dæld [3191-032], heimild um útihús [3191-031] og heimild um bæjarhól [3191-033].

Vegna nálægðar fyrirhugaðrar heimtaugar að Hallbjarnarstöðum við gamla bæjarhólinn var lagt til að færa legu hennar nokkuð sunnar. Eftir að sú breyting var gerð er ekki talin hætta á því að minjum í og við bæjarhólinn verði raskað af framkvæmdunum.

Dæld [3191-02] er grunnur Neðstuhúsa sem sléttað hefur verið úr, minjarnar liggja um 12 m vestan við fyrirhugaða legu línunnar og koma framkvæmdirnar til með að raska friðhelgað svæði umhverfis minjarnar. Ekki reyndist möguleiki að fara línur austar eða lengra frá minjunum og er því hér lagt til að merkt verði fyrir þeim á meðan á framkvæmdunum stendur og tryggt að þeim verði ekki raskað.



Mynd 30. Minjar í hættu við Hallbjarnarstaði.

Viðauki II. Minjakort

Mælda minjar á skráningarsvæði

